

Fundarboð

Viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps

Að höfðu samráði við oddvita sveitarfélaganna er hér með boða til fyrsta fundar sameiginlegrar viðræðunefndar sveitarfélaga um mögulega sameiningu þeirra.

Fundurinn verður haldinn í Þórsveri á Þórshöfn þriðjudaginn 20. apríl nk. og hefst kl. 16.

Ekki liggur fyrir formleg dagskrá en eftirtaldir punktar eru settir fram:

1. Fyrirkomulag viðræðna
 - a. Verkaskipting innan nefndar (fundarstjórn, boðun, ritun fundagerða o.fl.)
 - b. Kostnaður vegna nefndastarfa, laun fundarmanna, akstur o.fl.
2. Umræðuefni að hálfu Svalbarðshrepps
 - a. Hvað þurfum við að vita til að hægt sé að taka viðræður á formlegt stig.
 - b. Hvaða tímalínu viljum við setja.
3. Umræðuefni að hálfu Langanesbyggðar
 - a. Fjárhagsleg áhrif sameiningar
 - b. Ákvæði um samfélagssáttmála í nýju sveitarfélagi
 - c. Fyrirætlanir Svalbarðshrepps um sjálfseignarfélag um jarðir í eigu sveitarfélagsins
4. Næsti fundur
5. Önnur mál

Skv. bókun frá 122. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar dags. 18. febr. sl., er gert ráð fyrir að áheyrnarfulltrúi U-lista fái að fylgjast með umræðum funda og að sveitarstjóri Langanesbyggðar starfi með nefndinni og að skrifstofustjóri Langanesbyggðar riti fundargerðir. Áheyrnarfulltrúi og skrifstofustjóri fá einnig þennan póst.

Fundargerð

Fyrsti fundur í viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn í Þórsveri, Þórshöfn, 20. apríl 2021. kl. 16:00

Mættir; Frá Langanesbyggð, Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Miriam Blekkenhorst varaoddviti, Siggeir Stefánsson sveitarstjórnarmaður, Almar Marinósson áheyrnarfulltrúi og Jónas Egilsson sveitarstjóri. Frá Svalbarðshreppi; Sigurður Þór Guðmundsson oddviti, Ragnar Skúlason hreppsnefndarmaður og Einar Guðmundur Þorláksson hreppsnefndarmaður. Björn S. Lárusson skrifstofustjóri Langanesbyggðar ritaði fundargerð.

Umræður

1. Oddviti Lnb rakti aðdraganda viðræðnana í tíma línu. Lögð var fram tillaga um Mirjam Blekkenhorst sem formann nefndarinnar, Sigurð Þór Guðmundsson sem varaformann og Björn S. Lárusson sem ritara. Einnig rætt um laun fulltrúa í nefndinni. Samkomulag

um að launakostnaður nefndarmanna greiðist af hverju sveitarfélagi fyrir sig fyrir sína nefndarmenn. Formaður boði til funda og fundarritari er starfsmaður nefndarinnar.

2. Rætt um fyrirkomulag funda og að framhald þeirra og að það verði ákveðið á hverjum fundi hvenær næsti fundur verður haldinn.
3. Rætt var um eignarhald á jörðum í báðum sveitarfélögum og hvernig beri að semja um framtíð þeirra og eignarhald. Fram kom, að ýmsar hugmyndir hafa litið dagsins ljós um hvernig eignarhald er á jörðum í sveitarfélögum og sumar þeirra hafa orðið að veruleika í öðrum sveitarfélögum. Nefndarmenn eru sammála um að það sé hlutverk nefndarinnar að koma með sameiginlega tillögu um eignarhald á jörðum í eigu sveitarfélagana beggja.

Bókanir;

- A) Fundurinn samþykkir að ráða ráðgjafa að verkefninu. Það verði hlutverk formanns og varaformanns að ráða hann. Sveitarstjóri Lnb verði þeim til aðstoðar við ráðningu. Ráðning hans verði tilkynnt Sveitarstjórnarráðuneyti og sótt um styrk til þess að ráða ráðgjafa. Leitað á lits nefndarmanna með tölvupósti um ráðningarferli og þá sem til greina koma.
- B) Samþykkt að Mirjam Blekkenhorst verði formaður nefndarinnar og Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður. Samþykkt að Björn S. Lárusson skrifstofustjóri Lnb verði ritari nefndarinnar.
- C) Stefnt að því, að ákvörðun um formlegar viðræður liggi fyrir hjá nefndinni fyrir 1. Júlí 2021.

Fundi sitið kl. 17:50 - Stefnt að næsta fundi, mánudaginn 3. maí kl 16:00 að Holti í Svalbarðshreppi.